

## **Erindisbréf**

Starfshópur um uppbyggingu á athafnasvæði Sörla, samkvæmt tillögum Íþróttabandalags Hafnarfjarðar sem samþykktar voru á þingi bandalagsins árið 2017. Starfshópurinn starfar samkvæmt samþykkt umhverfis- og framkvæmdarráðs frá 12. september 2018.

## **Hlutverk**

Störf starfshóps er að skoða framtíðaruppbyggingu á athafnasvæði félagsins og fara yfir og forgangsraða þeim verkefnum sem lúta að nýframkvæmdum, endurbótum og þjónustu á svæðinu hvað varðar aðgengi og öryggismál.

*Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu skal sjá um:*

Boðun funda, ritun fundargerða og annað utanumhald um verkefnið.  
Tengsl við aðrar einingar stjórnkerfis Hafnarfjarðar sem málið varðar.  
Söfnun allra gagna og upplýsinga sem þörf er á.

## **Tímarammi og umfang verkefnis**

Hópurinn skal funda eftir framgangi verksins. Greitt verður fyrir fundarsetu skv. reglum bæjarfélagsins þar að lútandi. Skrá skal í fundargerðir öll þau atriði og ákvarðanir sem skipta kunna máli í tengslum við störf hópsins. Starfshópnum er óheimilt að stofna til kostnaðar og fjárheimildir skulu vera fyrir útgjöldum. Fundargerðir starfshópsins skal senda umhverfis- og framkvæmdaráði til staðfestingar.

Starfshópurinn starfar í umboði umhverfis- og framkvæmdarráðs.

## **Skipan starfshópsins:**

Þrjú fulltrúar skipaðir af umhverfis- og framkvæmdarráði, sem jafnframt skipa formann starfshópsins.

Tveir fulltrúar skipaðir af Hestamannafélaginu Sörla.

## **Með hópnnum starfa:**

Sviðsstjóri umhverfis og skipulagsþjónustu.  
Íþrótt- og tómstundarfulltrúi.  
Framkvæmdastjóri Hestamannafélagsins Sörla.